

Ed.

824. Frumvarp til laga

[197. mál]

um opinberar fjársafnanir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 410 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun og skulu þá minnst þrjú menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

5. gr. hljóðar svo:

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða giróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

7. gr. hljóðar svo:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.

8. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda ekki um:

- 1) Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
- 2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
- 3) Fjársafnanir á samkomum.